

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðfangsefni úr fjármunarétti

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%).
Félagaréttur (30%).

Prófdagur: 4. nóvember 2015

Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: 4 klst.

Prófblöð 4
vegna þessa
hluta
prófsins þmt.
forsíða:

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Raunhæft verkefni (21,0%)

Í dómi *Hæstaréttar 21. júní 2011 í málinu nr. 542/2010* var deilt um hvort verktaki ætti rétt til hækkunar á verklaunum vegna ófyrirséðra og verulegra verðlagshækkana á verktímanum. Verktakinn kvaðst við tilboðsgerð hafa miðað við opinbera spá um verðbólguhorfur og á þeim grundvelli gert ráð fyrir að verðlag hækkaði um 4% á verktímanum. Reyndin hafi á hinn bóginn orðið sú að byggingarvísitala hafi hækkað um 29,9% á sama tíma. Krafðist hann, samkvæmt aðalkröfu sinni í málinu, hækkunar verklauna um 105.455.545 krónur til samræmis við hækkun byggingarvísitölu frá undirritun verksamningsins í mars 2008 til verkloka að fráðregnum þeim 4% verðlagsbreytingum sem hann hafi gert ráð fyrir.

Í forsendum dóms Hæstaréttar sagði meðal annars um þessa kröfu:

„ Við mat á því hvort talið verður ósanngjarnt af hálfu [verkkaupa] að bera fyrir sig óbreytt verðákvæði verksamningsins, vegna atvika sem síðar komu til, ber að líta til þess að þær verðlagsbreytingar sem urðu á verktímanum voru ófyrirséðar þegar samningurinn var gerður. Breytingarnar voru mjög verulegar þegar miðað er við verðlagsþróun sem eðlilegt var að gera ráð fyrir í ljósi verðþróunar um langan tíma fyrir samningsgerð. Á hinn bóginn var kveðið á um það í útboðslýsingu, sem er hluti samningsgagna, að engar verðbætur skyldu greiddar á samningstímanum. Í því fólst að samið var um að [verktaki] bæri áhættu á því að verðhækkanir á samningstíma yrðu meiri en hann gerði ráð fyrir við tilboðsgerð. Þegar af þessari ástæðu verður aðalkröfu hans hafnað.“

Fjallið um: (i) hvaða ógildingarreglur samningaréttar líklegt sé að verktakinn hafi reynt að styðjast við, (ii) hvað ráði niðurstöðu Hæstaréttar samkvæmt tilvitnuðum forsendum, (iii) hvort, og þá af hverju, þið séuð sammála / ósammála forsendunum, og (iv) hvort, og þá hverju, kynni það að hafa breytt m.t.t. úrlausnar sakarefnisins ef verktakinn hefði verið neytandi en ekki lögaðili.

Það athugast að úrlausn verkefnisins krefst ekki sérstakrar þekkingar á tilvitnuðu hæstaréttarmáli sem slíku.

2. Ritgerð (20,0%)

Svarið annað hvort spurningu A eða B.

- A) Gerið grein fyrir helstu lokum kröfuréttinda.
- B) Lýsið helstu vanefndaúrræðum kröfuréttar.

3. Skilgreiningar (10,0%)

Lýsið stuttlega inntaki og helstu reglum og sjónarmiðum sem gilda um:

1. Skuldaraskipti
2. Almennu skaðabótaþingluna utan samninga
3. Rangar og brostnar forsendur
4. Viljakenninguna / traustkenninguna

4. Tengingar (4,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1%.
- (ii) Dregið er frá 0,33% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn valmöguleiki í hverri tengingu er réttur.

Riftun

Ógildingarregla

Efndabætur

Kostnaður vegna samningsgerðar

Vangildisbætur

Kröfuhafi eins settur

Brostnar forsendur

Vanefndaúrræði

5. Krossar (15,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (v) Hver kross vegur 1,0%.
- (vi) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (vii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (viii) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Kröfuréttarsambönd eru ætíð tvíhliða.

- ☐ Rétt
☐ Rangt

2. Við framsal kröfuréttinda haldast allar mótbáru skuldara, án undantekninga.

- ☐ Rétt
☐ Rangt

3. Kaup banka, á skuldabréfi útgefnu af honum, geta leitt af sér lok kröfuréttinda samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

- ☐ Rétt
☐ Rangt

4. Kröfuhafa- og skuldaraskipti krefjast að meginreglu samþykkis kröfuhafa og skuldara.

- ☐ Rétt

☐ Rangt

5. Af 8. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga leiðir ekki að þögn telst sama og samþykki.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Hafi tilboðsgjafi ekki kveðið á um neinn samþykkisfrest, eru engar hömlur á fresti tilboðshafa til samþykkis.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Sé tilboð samþykkt af tilboðshafa eftir lok samþykkisfrests telst tilboðsgjafi aldrei bundinn af slíku samþykki.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Samkvæmt reglum samningaréttar um brostnar forsendur verður loforðsmóttakanda ekki fortakslaust að hafa verið ljós forsenda loforðsgjafa.

☐ Rétt

☐ Rangt

9. Ákvæði 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga geta leitt til sömu niðurstöðu / náð yfir sama atvik.

☐ Rétt

☐ Rangt

10. Réttarverkanir ógildingar annars vegar og riftunar hins vegar geta verið frábrugðnar í fjárhagslegu tilliti.

☐ Rétt

☐ Rangt

11. Sök er fortakslaust skilyrði skaðabóta utan samninga að íslenskum rétti.

☐ Rétt

☐ Rangt

12. Ekki er hægt að krefjast riftunar samhliða því að krefjast réttra efnda.

☐ Rétt

☐ Rangt

13. Krafa getur ekki fallið niður fyrir tómlætis sakir sé hún ófyrnd.

☐ Rétt

☐ Rangt

14. Fjárskortur leysir mann jafnan undan skyldu til efnda.

☐ Rétt

☐ Rangt

15. Ógildur löggerningur getur ekki orðið grundvöllur skaðabóta.

☐ Rétt

☐ Rangt